

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

27. UMHVERFISMÁL

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um EES kafla (II) hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi 27. kafla um umhverfismál. Kaflinn fellur undir EES-samninginn og stór hluti regluverks Evrópusambandsins á sviðinu er þegar innleiddur á grundvelli EES-samningsins. Þó stendur náttúruvernd alveg utan EES samningsins, sem er veigamikill þáttur umhverfislöggjafar Evrópusambandsins.

Samningahópurinn leggur til að eftirfarandi atriðum verði haldið til haga á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB:

EES-undanþágur, aðlaganir og sérlausnir sem forsendur eru til að halda komi til aðildar

1. Ísland fékk aðlögunartíma til að innleiða rammatilskipun um vatnsvernd, nr. 2000/60EB, þegar gerðin var tekin upp í EES-samninginn. Ljóst er að Ísland getur ekki fylgt þeim tímafrestum sem tilskipunin kveður á um og eru sumir þeirra runnir út.
2. Ísland þarf ekki að framkvæma tilskipun nr. 2001/80/EC um takmarkanir á mengun frá stórum brennsluverum (large combustion plants), vegna þess að engin slík ver eru til staðar á Íslandi og ekki er líklegt að slík brennsluver hefji hér starfsemi. Samþykkt hefur verið ný tilskipun hjá ESB sem býður birtingar, sem fellir framangreinda tilskipun úr gildi. Skoða þarf hvort halda þarf í framangreinda aðlögun.
3. Rétt er að nefna að við undirbúning þess að taka tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli (waste water treatment) upp í EES-samninginn var ákveðið að líta svo á að Ísland væri í heild skilgreint á síður viðkvæmu hafsvæði (less sensitive area). Bókun þess efnis var gerð að Íslendingar samþykktu tilskipunina með þeim skilningi að notkun síu til forhreinsunar fullnægi markmiðum tilskipunarinnar á síður viðkvæmum svæðum. Mikilvægt er að halda þessu til haga í viðræðunum.

Annað sem semja þarf um

4. Reglugerð (EB) Nr. 1737/2006 sem útfærir nákvæmar reglur til framkvæmdar á reglugerð (EC) Nr 2152/2003 varðandi vöktun skóga og umhverfisáhrif í ESB. Reglugerðin sameinar gerðir um vöktun á skógum m.t.t. loftmengunar og kemur í staðinn fyrir þær. Vöktun sem þessi hefur ekki verið tekin upp hérlendis og líklegt er að innleiðing hennar feli í sér kostnað sem samsvari 2-5 ársverkum sérfræðinga. Taka þarf afstöðu til hvort sækjast skal eftir aðlögunartíma.

Fuglatilskipun (Tilskipun 2009/147/EB):

5. Meginreglan er sú að bannað sé að veiða alla villta fugla. Gert er ráð fyrir að skrá verði tilgreindar tegundir fugla sem heimilt er að veiða í viðauka II-B við fuglatilskipunina. Á

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Íslandi er nú heimilt að veiða 29 tegundir fugla. Af þeim eru 6 skráðar í viðauka II-A (fuglategundir sem öllum er heimilt að veiða) Af þeim 23 sem eftir eru eru aðeins átta nú skráðar í viðauka II-B.

6. Almenn er bannað selja veidda villta fugla. Þó er hægt að gera undantekningar frá því banni fyrir fyrir einstakar tegundir. Þær tegundir eru settar á lista í viðauka III-B yfir tegundir sem selja má á tilteknum svæðum en þar eru nú 19 fuglategundir. Á Íslandi er heimilt að selja 29 tegundir af villtum fuglum.
7. Samkvæmt viðauka IV í tilskipuninni er bannað að veiða fugla í net, en hér á landi er hins vegar rík hefð fyrir og leyfilegt að nota háf við veiðar á svartfugli, þ.e. lunda, álku, langvíu og stuttnefju. Fordæmi er fyrir því að aðildarríki hafi fengið undanþágu vegna veiðiaðferða. T.d. hafa Finnar og Svíar fengið undanþágu til að veiða fugla í snörur, sbr. viðauka IV (a) í gerðinni.
8. Meginreglan um friðun fugla á m.a. annars við um nýtingu hlunninda, sem er heimil skv. íslenskum lögum, svo sem vegna eggjatöku.

Vistgerðatilskipun, 92/43/EEB.

9. Setja þarf upp samhæft net náttúruverndarsvæða, NATURA 2000, sem samanstendur af sérstökum verndarsvæðum sem fóstura vistgerðir sem tilgreindar eru í viðauka I svo og búsvæði tegunda og plantna sem tilgreindar eru í viðauka II í tilskipuninni. Þar að auki nær NATURA 2000 yfir öll fuglaverndarsvæði í aðildarríkjunum skv. fuglatilskipuninni. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið við að skilgreina, skrá, meta og flokka vistgerðir á miðhálandinu. Engin slík vinna hefur þó enn farið fram utan miðhálandisins og ekki heldur í sjó eða fersku vatni. Áætlað er af Náttúrufræðistofnun Íslands að það muni taka um 4 – 5 ár að ljúka þessu verki. Unnt að skilgreina, frumflokka og frumskrá, helstu vistgerðir á landi á 2 árum, fáist fjármagn til þess.
10. Refur er á lista í viðaukum II og IV. Viðauki II kveður á um að aðildarríki skuli tryggja tegundinni friðlönd en samkvæmt viðauka IV ber ríkjum að friða refinn. Refur er friðaður á Íslandi í dag samkvæmt meginreglu laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Víðtæk frávik eru hins vegar frá þeirri friðun í 12. gr. laganna og hvatt hefur verið til veiða á honum með fjárframlögum, sem samrýmist ekki ákvæðum tilskipunarinnar.
11. Landselur og útselur eru ekki alfriðaðir innan ESB, en þeir eru á lista í viðauka II við vistgerðatilskipunina og skulu samkvæmt því njóta sérstakra verndarsvæða. Á Íslandi eru landselur og útselur ekki friðaðir og þeir njóta engra sérstakra verndarsvæða. Eins og flestar selategundir falla landselur og útselur undir viðauka V um tegundir sem heimilt er að veiða að því gefnu að komið sé á eftirliti og settar reglur um ýmis atriði varðandi veiðarnar. Slíkar reglur skortir um selveiðar hér á landi, enda ekki til að dreifa heildstæðri löggjöf um selveiðar. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum íslenskra stjórnvalda fyrir landsels- og útselsstofninn, sem kynnt hafa verið á vettvangi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO), er hins vegar stefnt að því að halda þeim í þeirri stofnstærð sem þeir hafa verið í á undanförunum árum. Skoða þarf hvort aðferðir við selveiðar hér við land falli undir viðauka VI um veiðitæki og veiðiaðferðir sem bannað er að nota.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

12. Meðal þeirra dýra sem eru á lista í viðauka IV við vistgerðatilskipunina og ber að friða eru allar tegundir hvala. Samkvæmt þessu eru hvalveiðar bannaðar í ESB óháð stöðu einstakra hvalastofna. Stefna Íslands í hvalveiðimálum byggist á ályktun Alþingis um hvalveiðar frá 10. mars 1999 og hafa stjórnvöld lagt áherslu á réttinn til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins, þ.á m. hvala. Lög um hvalveiðar eru nr. 26 frá árinu 1949. Samkvæmt reglugerð nr. 58/2009, um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, skal árlegur leyfilegur heildaraflí á langreyði og hrefnu nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar um sjálfbærar hvalveiðar. Sprengiskutlar, sem notaðir eru við hvalveiðar hér við land í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins um veiðiaðferðir, falla undir viðauka VI um veiðitæki og veiðiaðferðir sem bannað er að nota.

CITES-reglugerð (97/338/EB)

13. Í reglugerð 97/338/EB um verndun tegunda villtra dýra og plantna með því að stjórna viðskiptum með slíkar tegundir (CITES-reglugerðinni) er lagt bann eða settar skorður við viðskiptum með hvalaafurðir o.fl. Ísland gerði við fullgildingu CITES-samningsins fyrirvara við skráningu tiltekinna stofna og tegunda í viðauka I og II við samninginn eins og heimilt er samkvæmt honum. Um er að ræða 17 stofna eða tegundir hvala sem algengar eru hér við land og eru ekki í útrýmingarhættu. Þar á meðal eru þeir tveir stofnar hvala sem nýttir eru hér við land, hrefna og langreyður, en hvor tveggja er skráð í viðauka I. Ísland er því ekki bundið af skráningu umræddra stofna og tegunda og getur átt viðskipti með slíkar hvalaafurðir við ríki sem gert hafa sams konar fyrirvara.

Tilskipun nr. 83/129/EBE.

14. Tilskipun ráðsins nr. 83/129/EBE leggur bann við innflutningi selskinns af ákveðnum tegundum selkópa og afurða þeirra inn í aðildarríki. Tilskipunin er af sama meiddi og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2009 en sú reglugerð fellur undir 1. kafla og er því um hana fjallað í greinargerð í samningahópi EES I. Þar sem öll viðskipti og innflutningur selaafurða eru leyfð hér á landi myndi beiting tilskipunarinnar hér á landi leiða til takmörkunar heimilda til viðskipta. Slíkt innflutnings- og viðskiptabann gengur þvert á stefnu Íslands um rétt ríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og hafa íslensk stjórnvöld ekki fallist á að gerðin verði tekin upp í EES-samninginn.

Annað sem rétt er að vekja athygli á

15. Í desember 2009 ákváðu íslensk stjórnvöld og ráðherraráð ESB að hefja samningaviðræður um gerð tvíhliða samnings um fulla þátttöku Íslands í aðgerðum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012. Vinna við það er hafin, samráð hefur þegar átt sér stað og verið er að leggja drög að samningi. Rétt er að upplýsa framkvæmdastjórn á rýnifundi um samkomulagið.

16. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir / Emission Trading Scheme (ETS) var komið á fót með tilskipun 2003/87/EB sem tekin var inn í EES-samninginn árið 2007. Unnið er að samkomulagi við framkvæmdastjórn ESB vegna upptöku tilskipunar 2009/29/EB (ETS frá 2013) í EES-samninginn. Þar þarf m.a. að tryggja að Íslenska ríkið fá sanngjarna hlutdeild í þeim losunarheimildum sem boðnar verða upp. Þessu þarf einnig að halda til haga í aðildarviðræðum.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Greinargerðir til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

27. kafli: Umhverfismál

Unnið var að rýningu kaflans á tímabilinu janúar til júní 2010.

I. Samantekt

A. Efni kafla.

Löggjöf Evrópusambandsins á sviði umhverfismála er umfangsmikil og nær einkum til mengunarvarna, svo sem loftgæða, verndar gegn hávaða, vatnsverndar og vatnstjórnunar, efnamála, meðhöndlunar úrgangs, eftirlits með mengandi starfsemi, vernd vistgerða og villtrar flóru og fínu, verndar skóga, skógræktar og loftslagsmála. Umhverfisstefna ESB miðar að því að stuðla að sjálfbærri þróun og að vernda umhverfið í þágu núlifandi og komandi kynslóða.

B. Staða innleiðingar á ESB löggjöf.

Stór hluti þeirra gerða sem falla undir 27. kafla eru nú þegar hluti af EES-löggjöfinni og hafa því verið innleiddar með fullnægjandi hætti á grundvelli EES samningsins eða þá að unnið er að innleiðingu þeirra. Hér er um að ræða gerðir sem falla einkum undir kaflana 15.10.10 - 15.10.30.10 í 27. kafla. Þetta eru aðallega gerðir á sviði mengunar-, efna-, loftslags- og úrgangsmála. Gerðir ESB á sviði náttúruverndar falla hins vegar ekki undir EES samninginn og hafa þær gerðir því ekki verið teknar upp í löggjöf hér á landi. Sama á við um gerðir á sviði skógverndar. Þessar gerðir falla undir kafla 15.10.30.20 og kafla 03.30.60 í 27. kafla.

Tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og samþykktir sem ekki hafa verið teknar upp í löggjöf hér á landi og falla undir 27. kafla eru um 230 talsins og vann umhverfisráðuneytið í samstarfi við viðeigandi stofnanir sínar að rýningu þessara gerða.

II. Mikilvægar gerðir

Eins og fram kom í I. hluta hefur mestur hluti löggjafar ESB í umhverfismálum verið tekinn upp hér á landi með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Hér verður verður gerð grein fyrir helstu undanþágum eða aðlögunum sem Ísland hefur fengið vegna innleiðingar tiltekinna EES gerða. Þá verður jafnframt gerð grein fyrir nokkrum gerðum sem unnið er að því að innleiða á grundvelli EES-samningsins sem og gerðum sem eru utan EES samningsins. Einnig er vakin athygli á þeim málefnum sem ræða þarf frekar þegar samningsafstaða verður mótuð.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

i. Vatnsvernd og –stjórnun og málefni hafsins

Ísland hefur innleitt flestar gerðir á þessu sviði og hefur samið um eina efnislega aðlögun:

1. Ísland fékk samþykktan lengri tímafrest til að innleiða ramma-tilskipun um vatnsvernd, nr. 2000/60/EB, þegar gerðin var tekin upp í EES-samninginn. Unnið hefur verið frumvarp til laga um stjórn vatnamála til innleiðingar á tilskipuninni og verður það lagt fram á yfirstandandi löggjöfarþingi. Það frumvarp gerir ráð fyrir að þeir frestir sem fengist hafa samþykktir muni halda sér. Ljóst er að Ísland getur ekki fylgt þeim tímafrestum sem tilskipunin kveður á um og eru sumir þeirra runnir út. Því þarf að halda í þessa aðlögun sem fengist hefur varðandi tímafresti þá sem tilskipunin kveður á um.

Tilskipun 2008/56/EB um að setja ramma fyrir samfélagslegar aðgerðir á sviði stefnu í umhverfismálum hafsins (haftilskipunin) er í greiningu hjá sérfræðingum í EFTA-ríkjunum og hefur enn sem komið er ekki verið tekin inn í EES-samninginn. Meginmarkið haftilskipunarinnar er að setja ramma um vernd umhverfis sjávar (marine environment) og að koma í veg fyrir rýrnun umhverfisgæða. Haftilskipunin tengist vatnatilskipuninni og má í raun segja að hún taki við þar sem vatnatilskipunin sleppir. Haftilskipunin er einnig nátengd alþjóðlegum skuldbindingum ESB varðandi hafið og þá sérstaklega OSPAR samningnum sem Ísland er einnig aðili að. Samkvæmt haftilskipuninni ber að þróa og hrinda í framkvæmd áætlunum sem miða að því að vernda og varðveita umhverfi sjávar, koma í veg fyrir hnignum þess og, þar sem því verður við komið, skal endurheimta vistkerfi sjávar á þeim svæðum sem það hefur orðið fyrir skaðlegum áhrifum. Við gerð þessara áætlana skal nota s.k. vistkerfisnálgun, líkt og krafist er skv. vatnatilskipuninni. Haftilskipunin gildir um sjó (og eftir atvikum strandsjó) innan efnhagslögsögu aðildarríkjanna, þ.e. út að 200 mílum. Rétt er að taka fram að EES-samningurinn gildir einungis í landhelgi EFTA-ríkjanna, þ.e. út að 12 mílum. Á grundvelli haftilskipunarinnar hefur verið sett ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðmið og aðferðafræðilega staðla fyrir gott umhverfisástand hafsvæða sem varðar m.a. nytjastofna sjávar og snertir því tilskipunin þannig bæði fiskveiðar og veiðar sjávarspendýra. Þar er meðal annars er gert ráð fyrir mati á stöðu fiskistofna. Haftilskipunin myndar umhverfisstoð í stefnu ESB í málefnum sjávar og siglinga. Henni er ætlað að styrkja samhæfingu umhverfissjónarmiða í sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB (CFP), og er vísað til hennar í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun CFP. Um er að ræða viðamikla tilskipun og endanlegt mat á kostnaði við innleiðingu hennar liggur ekki fyrir.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/60/EB um mat á flóðahættu (flóðatilskipunin) er í skoðun hjá sérfræðingum í EFTA-ríkjunum og hefur ekki verið greind til fullnustu. Flóðatilskipunin er ein af undirtilskipunum vatnatilskipunarinnar og tekur til flóða í ám og vötnum, jökulflóða og strandflóða (sjávarflóða). Flóðatilskipunin kveður á um frummat um áhættu vegna flóða, kortlagningu flóðahættu og flóðaáhættu, stjórnkerfi vegna áhættu vegna flóða (tekur m.a. til viðbragðsáætlana) og endurskoðun, skýslugerð og áætlun um aðgerðir. Ljóst er að kostnaðarsamt verður að uppfylla ákvæði flóðatilskipunarinnar en endanlegt mat á kostnaði við innleiðingu hennar liggur ekki fyrir.

Nokkrar fleiri nýjar gerðir eru ýmist væntanlegar inn í EES samninginn eða hafa nýlega verið innleiddar, m.a. tilskipun nr. 2008/105/EC um vatnsgæði

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

ii. Loftslagsbreytingar og mengun andrúmslofts

Ísland hefur innleitt flestar gerðir á þessu sviði og hefur samið um efnislega aðlögun í tveimur tilvikum.

1. Ísland þarf ekki að framkvæma tilskipun nr. 2001/80/EC um takmarkanir á mengun frá stórum brennsluverum (large combustion plants), vegna þess að engin slík ver eru til staðar á Íslandi og ekki er líklegt að slík brennsluver hefji hér starfsemi. Mælt er með að haldið verði í þessa aðlögun.
2. Íslensk stjórnvöld eru undanþegin kröfum um skýrsluskil sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 842/2006 um útblástur gróðurhúsalofttegunda með flúorinnihaldi. Ekki er mælt með að haldið verði í þessa aðlögun vegna þess að þar sem hún er tilkomin vegna óska ESB. Um er að ræða tölur um framleiðslu, innflutning og útflutning flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og vildi ESB halda sínu bókhaldi hreinu, án talna frá EFTA.

Reglugerð (EB) Nr. 1737/2006 sem útfærir nákvæmar reglur til framkvæmdar á reglugerð (EC) Nr 2152/2003 varðandi vöktun skóga og umhverfisáhrif í ESB. Reglugerðin sameinar gerðir um vöktun á skógum m.t.t. loftmengunar og kemur í staðinn fyrir þær. Auk þess gerir hún ráð fyrir að vakta megi skóga m.t.t. annarra umhverfisþátta og er hlutverk gerðarinnar að þróa yfir í að vakta þætti tengda loftslagsbreytingum. Vöktun sem þessi hefur ekki verið tekin upp hérlendis og líklegt er að innleiðing hennar feli í sér kostnað sem samsvari 2-5 ársverkum sérfræðinga. Taka þarf afstöðu til hvort sækjast eigi eftir aðlögunartíma.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 fjallar um framlag aðildarríkja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í því skyni að efna skuldbindingar sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2020. Markmið ákvörðunarinnar er að stuðla að því að sambandið og aðildarríki þess leggi sitt af mörkum til að hækka á hitastigi á yfirborði jarðar verði ekki meiri en 2°C miðað við það sem var fyrir iðnbyltingu. Ákvörðuninni er ennfremur ætlað að tryggja að ESB nái markmiði sínu um að draga úr losun í aðildarríkjunum um a.m.k. 20% fyrir árið 2020 miðað við árið 1990.

Í desember 2009 ákváðu íslensk stjórnvöld og ráðherraráð ESB að hefja samningaviðræður um gerð tvíhliða samnings um fulla þátttöku Íslands í aðgerðum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012. Vinna við það er hafin, samráð hefur þegar átt sér stað og verið er að leggja drög að samningi. Það er sameiginlegur skilningur aðila að samningur yrði annars vegar háður því að alþjóðlegt samkomulag náist um losunarmarkmið og hins vegar yrði hann algerlega óháður aðildarumsókn Íslands, því ómögulegt er að spá fyrir um hvort yrði á undan í tíma, þ.e. samkomulag um losunarmarkmið eða hugsanleg gildistaka aðilar Íslands. Samkomulag er um að Ísland og ESB taki á sig sameiginlega skuldbindingu samkvæmt nýjum alþjóðlegum samningi um loftslagsmál. Um leið yrði Ísland hluti af því kerfi sem komið er á fót með ákvörðun nr. 406/2009/EB, óháð aðildarviðræðum Íslands við ESB eða niðurstöðu þeirra.

Mikilvægt er að hafa í huga að ákvörðun nr. 406/2009/EB er eingöngu ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Hún gerir á hinn bóginn ekki ráð fyrir að ríki geti efnt kröfur um samdrátt með *bindingu* kolefnis úr andrúmsloftinu. Í 9. gr. ákvörðunarinnar er þó kveðið á um að hafi sambandið ekki samþykkt alþjóðlegan samning í loftslagsmálum fyrir 31. desember 2010 skuli tekið til athugunar hvort aðgerðir á sviði landnotkunar, breytinga á landnotkun og skógræktar skuli gerðar hluti af alþjóðlegu takmarki sambandsins í

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

loftslagsmálum. Þar sem Ísland mun að miklu leyti reiða sig á aðgerðir á sviði kolefnisbindingar til að draga saman nettólosun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum er mikilvægt að halda hagsmunum Íslands á lofti hvað þetta varðar.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir / Emission Trading Scheme (ETS) var komið á fót með tilskipun 2003/87/EB sem tekin var inn í EES-samninginn árið 2007. Markmið kerfisins er að draga á sem kostnaðarhagkvæmasta hátt saman losun gróðurhúsalofttegunda í ESB, m.a. í samræmi við skuldbindingar ESB undir Kýótóbókuninni. Losunarheimildunum er úthlutað ókeypis samkvæmt ákveðnum viðmiðum og fyrirtæki þurfa svo eftir atvikum að kaupa sér viðbótarheimildir, en geta að sama skapi selt umframheimildir sínar. Þá er gert ráð fyrir því að stunda megi viðskipti með þær. Með aðlögun við 2003/87/EB var sú starfsemi hér á landi sem falla átti undir ETS-kerfið undanþegin kerfinu vegna lítillar losunar, sú undanþága rennur út í lok árs 2012. Viðskiptakerfið mun taka miklum breytingum á næstu árum þar sem allt flug innan, til og frá Evrópu (EES-svæðinu) verður fellt undir kerfið frá og með árinu 2012 og frá og með árinu 2013 mun svo gildissviðið víkka út bæði til fleiri tegunda iðnaðar (t.d. álframleiðsla, járnblendi og steinullarframleiðsla) og fleiri tegunda gróðurhúsalofttegunda. ETS-kerfið mun því hafa mikil áhrif á Íslandi á næstu árum óháð aðildarviðræðum Íslands að ESB. Um þessar mundir er unnið að samkomulagi við framkvæmdastjórn ESB vegna upptöku tilskipunar 2009/29/EB (ETS frá 2013) í EES-samninginn. Þar þarf m.a. að tryggja að Íslenska ríkið fá sanngjarna hlutdeild í þeim losunarheimildum sem boðnar verða upp, en eins og tilskipunin hljómar í dag myndi Ísland varla eiga nokkra hlutdeild í þeim. Þessu þarf einnig að halda til haga í aðildarviðræðum.

iii. Efni (Chemicals)

Ísland hefur innleitt flestar gerðir á þessu sviði og hefur ekki samið um undanþágur, aðlaganir eða sérlausnir. Nokkrar nýjar gerðir eru á leið inn í EES samninginn sem Ísland getur innleitt án vandkvæða og kalla ekki á sérstakar lausnir.

iv. Úrgangsmál

Ísland hefur innleitt flestar gerðir á þessu sviði og hefur ekki samið um undanþágur, aðlaganir eða sérlausnir. Nokkrar nýjar gerðir eru á leið inn í EES samninginn sem kalla ekki á sérstakar lausnir. Sérstök athygli er vakin á nýrri rammatilskipun um úrgangsmál nr. 2008/98/EC, en hún kemur í stað margra eldri gerða á þessu sviði.

Rétt er að nefna að við undirbúning þess að taka tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli (waste water treatment) upp í EES-samninginn var ákveðið að líta svo á að Ísland væri í heild skilgreint sem staðsett á síður viðkvæmu hafsvæði (less sensitive area). Gerð var bókun þess efnis að Íslendingar samþykktu tilskipunina með þeim skilningi að notkun síu til forhreinsunar fullnægi markmiðum tilskipunarinnar á síður viðkvæmum svæðum. Á fundi í Brussel 3. mars 1999 um framkvæmd tilskipunarinnar var rætt um „viðeigandi hreinsun“. Ef losun væri undir því sem tilgreint væri í 7. gr. tilskipunarinnar og hægt að sýna fram á að viðtaki ráði við álag, þá uppfyllir síun kröfur tilskipunarinnar og ekki þarf að minnka BOD, næringarsölt og svifagnir. Mikilvægt er að halda þessu til haga í viðræðunum.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

v. Náttúruvernd

Löggjöf ESB á sviði náttúruverndar hefur ekki verið tekin upp hér á landi. Á því sviði er því að finna meginmun á löggjöf ESB samanborið við íslenska löggjöf. Hér er einkum um tvær grundvallargerðir að ræða þ.e. annars vegar tilskipun nr. 2009/147/EB um verndun villtra fugla (on the conservation of wild birds), sem verður hér eftir nefnd *fuglatilskipunin* og hins vegar tilskipun nr. 92/43/EEB um vernd vistgerða og villtrar flóru og fánu (on the conservation of natural habitats and of wild fauna and flora), sem nefnd verður hér á eftir, vistgerðartilskipunin.

A. Fuglatilskipun (Tilskipun 2009/147/EB)

1. Viðauki I - Fuglafriðlönd

Samkvæmt fuglatilskipuninni þarf Ísland að tryggja friðlönd fyrir tegundir fugla sem eru í viðauka I með tilskipuninni. Fjöldi og stærð friðlanda fyrir hverja tegund þarf að vera í tilteknu hlutfalli við útbreiðslu og stofnstærð tegundarinnar á lands- og Evrópuvísu (metið út frá lífsvæðum, *biogeographic region*, en Ísland mun væntanlega flokkast sem *arctic*, *alpine* og/eða *boreal* – jafnvel *atlantic*). Ekki er búið að ákveða hvaða lífsvæði/líflandfræðilegu svæði Ísland fellur undir en það þarf að gera sem fyrst og áður en tillögur um friðlönd eru settar fram fyrir einstakar tegundir.

Íslenskar tegundir í viðauka I:

Í viðauka I eru 15 tegundir íslenskra varpfugla (lómur, himbrimi, flórgoði, stormsvala, sjósvala, álft, helsingi, örn, smyrill, fálki, heiðlóa, lóupræll, óðinshani, kría og brandugla) auk þriggja tegunda óreglulegra varpfugla (snægula, flóastelkur og kolþerna) og tveggja reglubundinna fargesta/vetrargesta (blesgæs (og helsingi)), sem krefjast friðlanda, samtals 19 tegundir. Í viðaukanum eru jafnframt um 49 tegundir flækingsa, sem væntanlega þarf ekki að taka tillit til við framkvæmd tilskipunarinnar.

Ísland þarf að tryggja friðlönd fyrir a.m.k. 16 tegundir að lágmarki (lómur, himbrimi, flórgoði, stormsvala, sjósvala, álft, helsingi, örn, smyrill, fálki, heiðlóa, lóupræll, óðinshani, kría, brandugla og blesgæs). Fleiri tegundir geta bætst við þennan lista gangi Ísland í Evrópusambandið, s.s. straumönd og húsönd.

Aðgerðir vegna viðauka I:

Einhver svæði sem eru friðuð í dag skv. náttúruverndarlögum og öðrum sérlögum munu hugsanlega nýtast sem fuglafriðlönd (SPA's), s.s. Þjórsárver, Hvanneyri og Mývatn. Taka þarf saman upplýsingar um svæðin m.t.t. fuglategunda þar (tegund fyrir tegund), hlutfall af stofni hvernar tegundar í samhengi við lands- og Evrópustofn (lífsvæði). Ljóst er þó að krafa verður gerð um mörg ný fuglafriðlönd ásamt fullnægjandi upplýsingum um þau. Í mörgum tilfellum þarf að afla gagna með rannsóknum þar sem þau liggja ekki fyrir. Í þessu fellst m.a. að endurskoða/meta svæði sem flokkuð hafa verið hér á landi sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA's) í samvinnu við Bird Life International. Gera þyrfti tillögur um fuglafriðlönd fyrir allar tegundirnar 16 áður en til aðildar kæmi.

2. Viðauki II – Fuglategundir sem heimilt er að veiða í Evrópu.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Viðauki II-A:

Fuglategundir sem heimilt er að veiða í öllum ríkjum Evrópusambandsins, m.t.t. löggjafar hvers ríkis, eru listaðar í viðauka II-A. Um er að ræða 24 tegundir fugla og þar af eru 15 á Íslandi (grágæs, rauðhöfðaönd, gargönd, urtönd, stokkönd, grafönd, skeiðönd, skutulönd, skúfönd, rjúpa, bleshæna, hrossagaukur, skógarsnípa, bjargdúfa og hringdúfa). Af þessum 15 tegundum er heimilt að veiða 6 þeirra á Íslandi (grágæs, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, skúfönd og rjúpa). Hinar 9 eru friðaðar á Íslandi (6 varptegundir og 3 óreglulegir varpfuglar (bleshæna, skógarsnípa og hringdúfa). Ekki er gerð krafa um að aflétta friðun við innleiðingu tilskipunarinnar þar sem aðildarríkjum er heimilt að kveða á um strangari verndarákvæði en tilskipunin krefst, sbr. 14. gr. tilskipunarinnar.

Viðauki II-B:

Í viðauka II-B eru fuglategundir sem aðildarríki geta leyft veiðar á á sínu umráðasvæði. Til að fá heimild til veiða þær tegundir þarf að sækja um slíkt til Framkvæmdastjórnar ESB sem setur þær á viðauka II-B, veiðar leyfðar í viðkomandi ríki, fáist samþykki fyrir þeim.

Það eru 23 tegundir fugla sem nú er heimilt að veiða á Íslandi (hraf, fyll, dílaskarfur, toppskarfur, súla (hefðb. ungataka), helsingi, hvítmáfur, rita, skúmur (hefðb. eggjataka), kjói, álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi, svartbakur, sílamáfur, silfurmafur, heiðagæs, duggönd, hávella, toppönd og hettumáfur), sem þarf að sækja um heimild fyrir til áframhaldandi veiða á Íslandi vilji stjórnvöld óbreytt ástand fuglaveiða. Sækja þarf um slíkt til framkvæmdastjórnar ESB sem setur tegundirnar á viðauka II-B fáist beiðnin samþykkt, sbr. hér að ofan. Af 23 framangreindum fuglategundum sem veiðar eru leyfðar á Íslandi eru 8 á viðauka II-B, þ.e. svartbakur, sílamáfur, silfurmafur, heiðagæs, duggönd, hávella, toppönd og hettumáfur.

Athugasemdir:

Af þessum 23 tegundum eru svartfuglar mikið veiddir á Íslandi m.a. lundi í háf, sjá einnig athugasemdir vegna viðauka IV.

Skúmur er friðaður með reglugerð en hefðbundin eggjataka leyfð en eggjataka er skilgeind sem veiðar í tilskipuninni og í íslenskri löggjöf. Súla er sömuleiðis friðuð nema að hefðbundin ungatekja er leyfð (núna eingöngu stunduð í Vestmannaeyjum). Blesgæs er friðuð með reglugerð.

Ástand sumra fuglastofna er frekar slæmt s.s. teista, hvítmáfur, svartbakur og stuttnefja. Þessir stofnar munu líklega ekki standast viðmiðanir fyrir stofna sem má veiða og yrði því erfitt að rökstyðja veiðipörfina ef sótt væri um að setja þessar tegundir á viðauka II-B.

Nokkrir aðrir stofnar veiðifugla hafa verið á niðurleið: hettumáfur (sl. 30 ár), hraf (sl. 25-30 ár), fyll (10 ár), toppskarfur (skortur á fæðu, sandsíli), rita (sandsíli) og langvía (sandsíli – áður vaxandi stofn).

Óljóst um ástand álku, en hún er ábyrgðartegund (80% stofns hér).

Aðgerðir:

Meta þarf á ný ástand allra stofna framangreindra tegunda m.t.t. til þess hvort sækja á um undanþágur og setja á viðauka II-B.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

3. Viðauki III-A - Sölubann á fuglum

Listi yfir fuglategundir sem undanþegnar eru almennu reglunni um sölubann í öllum ríkjum Evrópusambandsins er í viðauka III-A, en þar eru aðeins 7 tegundir og þar af ein íslensk varptegund (stökkönd) og ein óregluleg varptegund (hringdúfa). Aðildarríki geta sótt um undanþágu frá sölubanninu fyrir einstakar tegundir innan sinnar lögsögu og fá þær settar á lista á viðauka III-B yfir tegundir sem versla má með á tilteknum svæðum en þar eru nú 19 fuglategundir. Af 19 tegundum á viðauka III-B eru 15 íslenskar tegundir og af þeim má veiða 6 tegundir, þ.e. grágæs, rjúpu, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd og skúfönd. Þrátt fyrir það þarf Ísland að óska sérstaklega eftir undanþágu frá sölubanni á þessum fuglum á Íslandi sé vilji til þess.

Rjúpa er eini fuglinn sem heimilt er að veiða á Íslandi, sem háður er sölubanni skv. íslenskum lögum. Að óbreyttu yrði ekki heimilt að versla með neina af þeim 28 fuglategundum (30 með blesgæs og skúmi) nema stökkönd, sem heimilt er að veiða á Íslandi, nema sótt verði sérstaklega um að þær verði skráðar í listann yfir undanþegnar fuglategundir í viðauka III-A

4. Viðauki IV - Veiðitæki og veiðiaðferðir

Veiðiaðferðir:

Í viðauka IV eru þau veiðitæki og veiðiaðferðir listaðar sem bannað er að nota. Listi þessi er mjög sambærilegur við samsvarandi ákvæði í lögum nr. 64/1994. Samkvæmt viðauka IV í tilskipuninni er þó bannað að veiða fugla í net en hér á landi er hins vegar rík hefð fyrir og leyfilegt að nota háf við veiðar á svartfugli þ.e. lunda, álku, langvíu og stuttnefju (veiðitímabil 1. júlí til 15. ágúst). Fordæmi er fyrir því að aðildarríki hafi fengið undanþágu vegna veiðiaðferða. T.d. hafa Finnar og Svíar fengið undanþágu til að veiða fugla í snörur, sbr. viðauka IV (a) í gerðinni. Mjög rík hefð er fyrir háfaveiðum á tilteknum landsvæðum, sérstaklega lundaveiði. Veiðitímabil vegna hlunnindanýtingar er 1. júlí til 15. ágúst.

Aðgerðir:

Meginreglan um friðun fugla á m.a. við um nýtingu hlunninda, svo sem eggjatöku, sem er heimil samkvæmt íslenskum lögum. Breyta þyrfti því lögum nr. 64/1994 á þann veg að nýting hlunninda gangi ekki framár friðunarákvæðum laganna og hlunnindanýting samræmist meginreglum gerðarinnar. Jafnframt þarf að skilgreina hugtakið hlunnindanýting.

Veiðitæki:

Samkvæmt viðauka IV í gerðinni er einungis leyfilegt að nota báta við veiðar sem hafa hámarkshraða 5 km/klst. Af öryggisástæðum geta aðildarríkin veitt undanþágu til nota á bát með hámarkshraða 18 km/klst. Hér á landi er ekki takmörkun á hve hratt bátar mega komast almennt en þeir mega ekki ganga hraðar en 9 sjómíllur á meðan veiðum stendur en það samsvarar nokkurn veginn 18 km/klst.

Aðgerðir:

Út frá verndarsjónarmiðum og m.t.t. íslenskra aðstæðna þarf líklega að breyta lögum nr. 64/1994 til samræmis við tilskipunina.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

5. Nýting hlunninda

Í lögum nr. 64/1994 er meginreglan sú að fuglar eru friðaðir nema annað sé tekið fram í lögnum. Á þessari meginreglu er gerð m.a. sú undantekning að nýting tiltekinna hlunninda getur farið fram þrátt fyrir meginregluna um friðun, þ.e. réttur til hlunninda gengur framur friðunarákvæði laganna. Nýting hlunninda er t.d. eggja- og ungataka og veiði lunda í háf. Þetta hefur t.d. það í för með sér að ákveði ráðherra að friða t.d. lunda, sökum þess að stofninn þolir ekki veiðar, væri áfram unnt að veiða lunda í háf vegna ákvæðisins um nýtingu hlunninda. Í tilskipuninni er ekki gert ráð fyrir að hlunnindi geti verið lögmæt ástæða fyrir því að veita undanþágu frá meginreglum hennar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar þyrfti að breyta lögum nr. 64/1994 á þann veg að nýting hlunninda gangi ekki framur friðunarákvæði laganna og takmarka og stjórna hlunnindanýtingu þannig að hún samræmist meginreglum gerðarinnar og taki mið af veiðþoli stofna eins og önnur nýting.

B. Vistgerðatilskipun, 92/43/EEB.

Verði Ísland aðildarríki Evrópusambandsins stækkar svæði þess verulega (um 900 þús. ferkm.) og þar með svæðið, sem tilskipunin tekur til. Það mun geta breytt stöðu margra náttúrlegra vistgerða og nokkurra dýrastofna innan vébanda Evrópusambandsins og getur þ.a.l. haft áhrif á verndarstöðu þeirra. Það getur leitt til breytinga á viðaukum við vistgerðaskipunina líkt og gerst hefur við innkomu nýrra ríkja á undanförunum árum. Líklegt er að vistgerðum í viðauka I og tegundum í viðauka II (vistgerðir og tegundir sem þarfnast sérstakrar verndar) muni fjölga, svo sem með listun háhitasvæða og mosagróinna nútímahrauna svo dæmi sé tekið og að sum þeirra fái stöðu forgangsvistgerða (*“priority habitat type”*).

Samkvæmt tilskipuninni skal byggja upp samhæft Evrópskt net náttúruverndarsvæða, sem nái til allra aðildarríkja Evrópusambandsins og beri heitið *NATURA 2000*. Netið samanstendur af sérstökum verndarsvæðum (SAC's), sem fóstura vistgerðirnar sem listaðar eru upp í viðauka I og búsvæði tegunda dýra og plantna sem listaðar eru upp í viðauka II. Þar að auki nær *NATURA 2000* yfir öll fuglaverndarsvæði í aðildarríkjunum (SPA's) skv. fuglatilskipuninni.

1. Viðauki I og Viðauki II – Friðlönd/verndarsvæði

Í tilskipuninni er gerð krafa til aðildarríkja að tryggja friðlönd fyrir vistgerðir sem listaðar eru í viðauka I. og tegundir sem listaðar eru í viðauka II. Fjöldi og stærð friðlanda hveirrar vistgerðar og hveirrar tegundar þarf að vera í hlutfalli við útbreiðslu og algengi vistgerðar og stofnstærð tegundar á lands-, lífsvæða- og Evrópuvísu og verndarstöðu vistgerðar og tegundar á þessum svæðum. Lífsvæði eða líflandfræðileg svæði á Íslandi (*“biogeographic regions”*) munu væntanlega flokkast sem *arctic*, *alpine* og *boreal* svæði – jafnvel *atlantic*. Mikilvægt er að niðurstaða fáiast sem fyrst í lífsvæðaflokkun Íslands.

Viðauki I – Vistgerðir sem þarf að vernda:

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Vistgerðirnar í viðauka I eru 230 og þar af 179, sem ekki finnast á Íslandi. Af hinum finnast hér örugglega 27 en óvissa er um 24 vistgerðir. Forgangsvistgerðir (“*priority habitat types*”) eru 72 í viðaukanum og þar af 4 sem finnast á Íslandi (af 27) og óvissa er um 8 (af 24).

Samkvæmt þessari greiningu gætu íslenskar vistgerðir í viðauka I verið hátt í 50 talsins og 12 þeirra forgangsvistgerðir. Mjög líklegt er að fleiri vistgerðir bætist við gerist Ísland aðili að Evrópusambandinu og nægir hér að benda á sem dæmi vistgerðir á háhitasvæðum og gamburmosahraun. Mikilvægt er að skoða vistgerðir á Íslandi sem allra fyrst vegna þeirra verndarhagsmuna eða annarra hagsmuna sem kunna að vera í húfi.

Athugasemdir:

Vandi Íslands felst aðallega í skorti á upplýsingum um tilvist og útbreiðslu vistgerða á öðrum svæðum en miðhálandi landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið við að skilgreina, skrá, meta og flokka vistgerðir á miðhálandinu (kortlagningu á vistgerðum á miðhálandinu er ekki lokið og einnig vantar einnig að skilgreina ferskvatnsvistgerðir) og hefur sú vinna byggt á sama flokkunarkerfi og notað er í Evrópusambandinu (*The Palearctic Classification System* og EUNIS-kerfinu og *The Interpretation Manual of European Habitats*, samþykktur af *Habitats Committee* Evrópusambandsins). Flokkunarkerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands er því í fullu samræmi við flokkunarkerfi Evrópusambandsins. Engin slík vinna hefur þó enn farið fram utan miðhálandisins og ekki heldur í sjó eða fersku vatni. Áætlað er af Náttúrufræðistofnun Íslands að það mun taka um 4 – 5 ár að bæta úr þessu, fáist fjármagn til þess. Talið er unnt að skilgreina, frumflokka og frumskrá, helstu vistgerðir á landi á 2 árum, fáist fjármagn til þess.

Aðgerðir:

Skilgreina þarf vistgerðir á láglandi, sjó (grunnsævi og strendur) og fersku vatni (bæði á hálandi og láglandi) Talið er unnt að skilgreina, frumflokka og frumskrá, helstu vistgerðir á landi á 2 árum, fáist fjármagn til þess. Þá vinnu mætti nota við undirbúning að tillögum Íslands um verndarsvæði vistgerða. Áhersla yrði þá lögð á þær vistgerðir sem eru í viðauka I og er að finna hér á landi (land, sjór og ferskt vatn) ásamt séríslenskum vistgerðum, sem ekki er að finna í viðaukanum en hafa líklega hátt verndargildi.

Í ljósi fordæma varðandi aðildarumsóknir annarra ríkja mun Evrópusambandið væntanlega fara fram á að tillaga Íslands að lista yfir verndarsvæði skv. tilskipuninni liggi fyrir áður en aðild geti tekið gildi.

2. Viðauki II-tegundir sem þarfnast sérstakra verndarsvæða.

Spendýr og fiskar í viðauka II.

Í viðauka II eru 5 spendýrategundir, refur (*Alopex lagopus*), útselur (*Halichoerus grypus*), landselur (*Phoca vitulina*), hnísa (*Phocoena phocoena*) og stökkull (*Tursiops truncatus*) og ein fiskitegund, lax (*Salmon salar*), en skráning hans í viðaukanum tekur aðeins til veru hans í fersku vatni, ekki í sjó. Refurinn er forgangstegund (“*priority species*”).

Kvaðir er varða umræddar tegundir spendýra og fiska:

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Krafa er gerð til aðildarríkja ESB að þau tryggi friðlönd fyrir tegundir sem listaðar eru í viðauka II, sem verða hluti af NATURA 2000. Fjöldi og stærð friðlanda hvarrar tegundar þarf að vera í hlutfalli við útbreiðslu og stofnstærð hennar á lands-, lífsvæða- og Evrópuvísu og verndarstöðu hennar á þessum svæðum.

Refur er í viðauka II (verndarsvæði tryggð) og IV (tegundir sem ber að friða):

Refur er listaður upp í viðaukum II og IV. Viðauki II kveður á um að aðildarríki skuli tryggja tegundinni friðlönd en samkvæmt viðauka IV ber ríkjum að friða refinn. Refur er friðaður á Íslandi í dag samkvæmt meginreglu laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Víðtæk frávík eru hins vegar frá þeirri friðun í 12. gr. laganna og hvatt hefur verið til veiða á honum með fjárframlögum. Þó eru u.þ.b. 26 friðlönd þar sem refurinn nýtur friðunar, veiðar óheimilar, svo sem á Hornströndum, sbr. reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar. Ætla má að staða refsins í íslenskri náttúru sé nokkuð önnur en almennt gerist í Evrópu en undanfarna áratugi hefur ref fjölgað á Íslandi ólíkt því sem hefur gerst víða annarsstaðar á útbreiðslusvæði hans, en hann er skráður sem forgangstegund í tilskipuninni.

Athugasemdir

Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá meginreglum tilskipunarinnar í undantekningartilvikum, svo sem til verndar á fólki, fánu og flóru og búfé. Framangreint svigrúm gæti verið nægilegt til að unnt sé að veita tilteknum aðilum einstaka undanþágu til að veiða ref til að vernda t.d. búfé að því tilskyldu að sýnt sé fram á verulega hættu á tjóni af hans völdum (“...to prevent serious damage.”). Þessi undanþáguheimild (16. gr. tilskipunarinnar) dugar ekki vilji stjórnvöld stjórna fjölda refa á tilteknu svæði.

Endurskoða þyrfti frávík frá friðun refsins í íslenskri löggjöf og m.t.t. þess hvort ekki er rétt að einskorða þau við að þeim einum sem geti sýnt fram á tjón af völdum refsins svo sem bændum, þeim sem stunda æðavarp verði gefinn kostur á að sækja um undanþágu til veiða á ref. Líklega þarf að endurskoða það fyrirkomulag að veita ríkisstyrkti vegna veiða á ref.

Ætla má að unnt væri að nýta framangreind friðlönd sem sérstök verndarsvæði fyrir refinn. Væntanlega þyrfti að fjölga þeim og styrkja verndarákvæði svæðanna. Vinna þarf að úttekt á því hvort núverandi verndarsvæði fyrir ref uppfylli skilyrði tilskipunarinnar og bæta vöktun og stofnstærðarannsóknir.

Landselur og útselur eru í viðaukum II (verndarsvæði) og V (heimilt að veiða/stjórnun veiða)

Engin heildstæð löggjöf um selveiðar er til hér á landi. Hins vegar eru í gildi ákvæði um nýtingu á sel í Rekabálki Jónsbókar frá 1281, tilskipun (konungs) um veiði frá 20. júní 1848 á Íslandi, lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp nr. 30/1925, lög um útrýmingu sels í Húnaósi nr. 29/1937 og ákvæði um selveiðar í landskiptalögum nr. 46/1941. Enn fremur skal bent á 11. gr. laga um lax- og silungsveiði sem kveður á um heimild til að styggja og skjóta sel sem kemur í veiðivatn eða ósa þess.

Samkvæmt tilskipuninni eru landselur og útselur ekki alfriðaðir, heldur skulu þeir njóta sérstakra verndarsvæða. Landselur og útselur eru ekki friðaðir á Íslandi í dag og njóta engra sérstakra

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

verndarsvæða líkt og tilskipunin kveður á um í viðauka II. Þær selategundir sem listaðar eru í viðauka IV og ber að friða samkvæmt tilskipuninni, þ.e. munkaselur og ein undirtegund hringanóra, finnast ekki við Ísland. Eins og flestar selategundir falla landselur og útselur undir viðauka V um tegundir sem heimilt er að veiða að því gefnu að komið sé á eftirliti og settar reglur m.a. um veiði, útgáfu veiðileyfa, sölu, geymslu og flutning. Slíkar reglur skortir um selveiðar hér á landi.

Rétt er að benda á að kallað var eftir því á vettvangi Norður-Atlantshafssjávartýráðsins (NAMMCO) að Ísland setti stjórnunarmarkmið fyrir þá selastofna sem nýttir væru hér á landi. Ísland hefur sett slík markmið bæði fyrir landsels- og útselsstofninn og hafa þau verið kynnt á vettvangi NAMMCO. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum fyrir landselsstofninn skal stefnt að því að halda honum nálægt þeirri stofnstærð sem hann var í árið 2006, en þá var hann metinn um 12.000 dýr, og minnki stofninn verulega frá þeirri stofnstærð skal gripið til allra mögulegra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum fyrir útselsstofninn skal miða við að halda stofninum nálægt þeirri stofnstærð sem hann var í árið 2004 og minnki stofninn verulega frá þeirri stofnstærð skal gripið til allra mögulegra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Stofnstærð útsels var talin vera 4.100 dýr árið 2004 og eru hverfandi líkur taldar á að stofninn sé nú undir þeim mörkum.

Hnísa og stökkull eru í viðaukum II og IV.

Hvalategundirnar hnísa og stökkull eru skráðar í viðauka II. Ef tilskipuninni yrði beitt hér á landi óbreyttri og stofnuð verndarsvæði vegna umræddra tegunda gæti það haft áhrif á fiskveiðar í net.

Hvað varðar listun þessara tegunda í viðauka IV vísast til 3. liðar hér á eftir.

Lax og laxveiðar - Viðauki II(verndarsvæði) og V (veiðum stjórnað)

Lax er í viðauka II og V. Stofnun sérstakra verndarsvæða í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar fyrir lax mun að öllum líkindum ekki verða vandamál hér á landi. Laxinn er einnig í viðauka V um dýr sem heimilt er að veiða að gefnu regluverki og stjórnun. Laxveiðar lúta ströngum verndarskilyrðum og veiðitakmörkum á Íslandi.

Hryggleysingjar í viðauka II.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir viðauka II og skráð hvaða íslenskar hryggleysingja- og plöntutegundir þar er að finna. Þar er einn ónefndur landsnigill (*Vertigo geyeri*). Hann er hvorki að finna í viðaukum IV eða V, þannig að hann þarfnast hvorki friðunar né regluverk um nytjar. Hins vegar stendur eftir krafan um verndarsvæði, sem þarf að skoða betur. Þessi landsnigill er mjög sjaldgæfur á Íslandi og óvíst hvort um náttúrlega tegund er að ræða.

Athugasemdir og aðgerðir

Ljóst er að mikill skortur er á þekkingu um útbreiðslu hryggleysingja á Íslandi og bæta þyrfti þar úr. Vöktun hryggleysinga er einnig mjög takmörkuð.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Háplöntur í viðauka II.

Á viðauka II eru 3 tegundir háplantna sem þarfnast friðlanda skv. tilskipuninni. Þetta eru: (1) dvergtungljurt (*Botrychium simplex* Hitchc.), sem vex allvíða meðfram suðausturströnd landsins en er sjaldgæf annarsstaðar. (2) Flæðalófótur (*Hippuris tetraphylla* L. Fil.), sem er sjaldgæfur, fundinn á nokkrum stöðum á norðanverðu landinu og (3) gullbrá (*Saxifraga hirculus* L.), sem er algeng víða um land nema á norðvesturlandi.

Lágplöntur (mosar, fléttur, sveppir) í viðauka II.

Enga íslenska lágplöntutegund er að finna í viðaukanum.

3. Viðauki IV. Tegundir sem skal friða

Hvalir.

Meðal þeirra dýra sem listuð eru í viðauka IV við vistgerðatilskipunina og ber að friða eru allar tegundir hvala. Samkvæmt þessu eru hvalveiðar bannaðar í ESB óháð stöðu einstakra hvalastofna.

Núverandi stefna Íslands í hvalveiðimálum byggist á ályktun Alþingis um hvalveiðar frá 10. mars 1999 og hafa stjórnvöld lagt áherslu á réttinn til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Ísland, sem sagði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992 vegna banns þess við hvalveiðum í atvinnuskyni, gerðist aðili að ráðinu á nýjan leik árið 2002. Samhliða aðild var gerður fyrirvari við hvalveiðibannið og er Ísland því óbundið af því. Á þeim grundvelli stundar Ísland nú hvalveiðar í atvinnuskyni, bæði á hrefnu og langreyði. Ísland er jafnframt aðili að NAMMCO.

Lög um hvalveiðar eru nr. 26 frá árinu 1949. Samkvæmt reglugerð nr. 58/2009, um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, skal leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013 nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðgjöf stofnunarinnar um sjálfbærar veiðar fyrir árin 2011 og 2012 hljóðar upp á 154 langreyðar og 216 hrefnur á ári, en þess ber að geta að stofnunin hefur metið stofnstærð langreyðarstofnsins um 20.000 dýr og hrefnustofnsins um 70.000 dýr.

4. Viðauki VI. Veiðitæki og veiðiaðferðir

Í viðauka VI eru þau veiðitæki og veiðiaðferðir listaðar sem bannað er að nota. Listi þessi er að mestu leyti sambærilegur við samsvarandi ákvæði í lögum nr. 64/1994. Hins vegar skal minnt á að sprengiskutlar, sem notaðir eru við hvalveiðar hér við land í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins um veiðiaðferðir, myndu falla undir viðauka VI. Skoða þarf hvort aðferðir við selveiðar hér við land falli undir viðaukann.

C. CITES-reglugerð (reglugerð 1997/338/EB)

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Markmið reglugerðar (EB) nr. 338/97 er að vernda tegundir villtra dýra og plantna og tryggja varðveislu þeirra með því að stjórna viðskiptum með slíkar tegundir. Reglugerðinni er ætlað að framkvæma alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu frá 3. mars 1973 (CITES-samningnum). Í þessu skyni kveður reglugerðin á um ýmiss konar takmarkanir og skilyrði varðandi alþjóðlega verslun dýra og plantna sem heyra undir gildissvið fyrrnefnds samnings. Eiga reglurnar við um flutning dýra og plantna, lifandi og dauðra, auk hluta þeirra og afurða, inn og út úr Evrópusambandinu og aðflutning þeirra úr sjó. Reglugerðin hefur enn fremur að geyma ákvæði um flutning lifandi dýra og plantna innan sambandsins, þ.á m. um aðbúnað þeirra og umönnun.

Í viðaukum A-D við reglugerðina er að finna lista yfir tegundir sem heyra undir gildissvið hennar og gilda mismunandi reglur um tegundir eftir því í hvaða viðauka þeirra er getið. Inn- og útflutningur tegunda sem getið er í viðauka A, sem samsvarar að miklu leyti viðauka I við CITES-samninginn, er háður ströngum skilyrðum, efnislegum og formlegum, og er í reynd eingöngu heimill í undantekningartilvikum. Kröfurnar fara síðan stigminnkandi eftir viðaukum og eru vægastar fyrir tegundir á viðauka D.

Hér á landi hafa verið sett lög nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Nánari ákvæði um framkvæmd CITES-samningsins hér á landi hafa verið sett í reglugerð nr. 993/2004, sbr. reglugerð nr. 5/2005, og reglugerð nr. 829/2005.

Ísland hefur fullgilt CITES-samninginn ásamt breytingu sem gerð var á honum 22. júní 1979, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/2000. Ísland hefur einnig fullgilt breytingar á viðaukum I og II við samninginn, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/2003. Kröfur samningsins voru innleiddar með þeirri löggjöf sem getið er hér að framan. Þar sem reglugerð (EB) nr. 338/97 er sett til innleiðingar á kröfum samningsins er ljóst að kröfur hennar hafa að miklu leyti verið innleiddar hér á landi.

Ísland gerði við fullgildingu CITES-samningsins fyrirvara við listun tiltekinna stofna og tegunda í viðauka I og II við samninginn eins og heimilt er samkvæmt honum. Um er að ræða 17 stofna eða tegundir hvala sem algengar eru hér við land og eru hvorki í útrýmingarhættu né væru í slíkri hættu þótt ekki giltu reglur um verslun með þær. Þar á meðal eru þeir tveir stofnar hvala sem nýttir eru hér við land, hrefna og langreyður, en hvor tveggja er listaður í viðauka I. Ísland er því ekki bundið af listun umræddra stofna og tegunda og getur átt viðskipti með slíkar hvalaafurðir við ríki sem gert hafa sams konar fyrirvara.

Ljóst er að umfjöllun um framangreinda fyrirvara verður nátengd umfjöllun um hvalveiðar.

D. Aðrar gerðir.

Meðal annarra mikilvægra gerða sem falla undir 27. kafla er tilskipun ráðsins nr. 83/129EEC frá 28. mars 1983 varðandi innflutning selskinns af ákveðnum tegundum selkópa og afurða þeirra

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð ¹⁶ íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

inn í aðildarríki. Þessi tilskipun er af sama meiði og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2009 en sú reglugerð fellur undir 1. kafla og er því um hana fjallað í greinargerð í samningahópi EES I. Framangreind tilskipun skyldar aðildarríki til að grípa til aðgerða til að tryggja að afurðir, sem tilgreindar eru í viðauka við hana, séu ekki fluttar inn á þeirra svæði. Þar sem öll viðskipti og innflutningur selaafurða eru leyfð hér á landi myndi beiting tilskipunarinnar hér á landi leiða til takmörkunar heimilda til viðskipta. Slíkt innflutnings- og viðskiptabann gengur þvert á stefnu Íslands um rétt ríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Íslensk stjórnvöld hafa ekki fallist á að gerðin verði tekin upp í EES-samninginn og lýst því yfir á alþjóðavettvangi að slíkt viðskiptabann sem kveðið er á um í henni sé ólöglegt. Þá hefur Ísland lýst yfir stuðningi við Noreg og Kanada sem hófu haustið 2009 málaferli gegn ESB á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) þar sem ríkin töldu bann ESB ganga gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum þess á grundvelli GATT-samkomulagsins og annarra skuldbindinga innan WTO.

Tilskipun nr. 2006/7/EC um gæði baðvatns setur fram ákvæði um vöktun og flokkun á gæðum baðvatns, stjórnun á gæðunum og hvernig koma skal á framfæri til almennings upplýsingum um heilnæmi og gæði baðvatns. Tilskipunin gildir um öll yfirborðsvötn og strendur þar sem ætla má að fjöldi fólks komi saman og baði sig og þar sem það hefur ekki verið sérstaklega bannað eða varað við slíku athæfi. Auðkenna skal öll baðvötn á landinu og skilgreina tímabil þar sem hægt er að baða sig. Aðildarríkin skilgreina hvaða baðvötn tilskipunin nær til. Skylda er að vakta gerlamengun reglulega í baðvötnunum. Ekki eru reglur hér á landi um náttúrulegar og sjóböð og þyrfti því að setja reglugerð um þetta efni.

III. Áhrif kafla

A. Helstu lagabreytingar.

Þar sem umhverfislöggjöf ESB hefur verið tekin upp að stórum hluta hér á landi er ekki þörf á miklum breytingum á íslenskri löggjöf eða reglugerðum verði Ísland aðili að ESB. Það er aðallega náttúruverndarhluti 27. kafla sem kallar á breytingar á lögum og reglugerðum og þá einkum vegna *fugla- og vistgerðartilskipunarinnar*. Gera þarf breytingar á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lögin þarfnast þó ekki mikilla breytinga til að þau séu í samræmi við meginreglur tilskipunarinnar, enda voru lögin sett þegar Ísland gerðist aðili að Bernarsamningnum 1994 til að uppfylla skyldur sem í honum felast. Vísast nánar í umfjöllun um þessar lagabreytingar í kaflanum lagabreytingar.

Vistgerðartilskipunin kallar m.a. á breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 og útfæra þarf m.a. nánar markmið náttúruverndaráætlunar, sbr. 66. gr. þeirra laga eða annarrar áætlunar um friðlýsingu/friðun svæða þannig að markmið um samtengt Evrópsk net verndarsvæða verði náð sem einnig taki til yfirráðasvæðis Íslands. Nauðsynlegt er einnig að skilgreina markmið og meginreglur slíkrar verndar í samræmi við markmið tilskipunarinnar. Æskilegt er að málsmeðferð varðandi undirbúning, kynningu, samþykkt og réttaráhrif slíkrar áætlunar verði útfærð í lögnum. Einnig er æskilegt að málsmeðferð varðandi undirbúning friðlýsingar verði útfærð nánar í

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

lögnum. Varðandi einstakar breytingar á lögum um náttúruvernd er að öðru leyti vísað til rýnisblaðs með vistgerðartilskipuninni.

Skoða þarf hvort breyta þurfi lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992 varðandi áherslu á rannsóknir, gögn og úrvinnslu upplýsinga um vistgerðir, stofnstærðir og búsvæði tegunda.

Eins og greint hefur verið frá að framan er ljóst að grundvallarmunur er á löggjöf Íslands og ESB hvað sjávarspendýr varðar.

Að undangengnu mati á verndarstöðu tegunda kann að vera þörf á að gera breytingar á lögum vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Varðandi breytingar á löggjöf sem vistgerðartilskipunin kann að kalla á er að öðru leyti vísað til rýnisblaðs fyrir hana.

Varðandi laga- eða reglugerðarbreytingar sem aðrar gerðir en fugla- og vistgerðartilskipunin kalla á er að öðru leyti er vísað til yfirlita á exelskjali sem fylgja hverjum undirkafla í 27. kafla, en þar er sérstaklega auðkennt ef gerð kallar á breytingar á lögum eða reglugerðum.

B. Fjárhagsleg áhrif.

Kostnaðaráhrif eru einkum vegna fugla- og vistgerðartilskipunarinnar. Helstu kostnaðarliðir verða vegna gagnaöflunar er tengist stofnun verndaðra svæða sbr. viðauka I í fuglatilskipuninni. Jafnframt vegna þess að afla þarf nauðsynlegra gagna um þær fuglategundir sem ákveðið verður að sækja um undanþágur fyrir, sbr. viðauka II-2 og III-2. Kostnaður verður við stjórnun, eftirlit og vöktun stofna og svæða, sem og aukinn kostnaður við veitingu undanþága frá gerðinni.

Tillaga um lista skv. 4. gr. vistgerðartilskipunar yfir svæði sem möguleg mikilvæg svæði fyrir yfirráðasvæði ESB kallar á töluverða sérfræðivinnu hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnuninni. Kostnaður er verulega háður mati á þörf á frekari rannsóknum, frekari friðlýsingu svæða sem og kostnaði við friðlýsingar, gerð verndaráætlana og rekstur friðlýstra svæða.

C. Annað.

Umhverfislöggjöf hér á landi hefur að miklu leyti þróast í samræmi við þróun umhverfislöggjafar ESB eða á þeim sviðum löggjafar ESB sem heyrir undir EES-samninginn. Aðild Íslands að EES-samningnum hefur án efa styrkt umhverfisvernd hér á landi almennt. Ef reglur ESB á sviði náttúruverndar verða teknar upp í löggjöf hér á landi mun það á margan hátt efla íslenska náttúruvernd og umhverfisvernd almennt.

IV. EES og Schengen (ef við á)

- Staða innleiðingar, sjá II. hluta greinargerðarinnar þar sem gerð er grein fyrir efnislegum aðlögunum sem fengist hafa vegna EES gerða.
- Undanþágur, sjá II. hluta greinargerðarinnar.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

V. Undanþágur og aðlaganir

Hér er einnig vísað til II. hluta þessarar greinargerðar.

VI. Alþjóðasamningar sem eiga undir málefni kaflans

Evrópusambandið er aðili að fjölda alþjóðasamninga á sviði umhverfismála sem Ísland er ekki aðili að. Margir þessara samninga eiga ekki við hér á landi þar sem þeir eru staðbundnir, svo sem eins og Samningur um vernd Alpanna¹, Barcelonasamningurinn um vernd Miðjarðarhafsins². Aðrir samningar geta átt við eða eiga við hér á landi svo sem eins og Árósasamningurinn³ sem er í fullgildingarferli hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp til að fullgilda samninginn verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Almennt má gera ráð fyrir því að efnisatriði þeirra samninga sem Evrópusambandið er aðili að og snerta þau svið sem falla undir EES Samninginn hafi þegar verið innleidd hér á landi. Einhverjar undantekningar geta þó verið frá þessu og má þar t.d. nefna svonefndan Espoo samning⁴, um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda yfir landamæri sem Ísland undirritaði en hefur ekki fullgilt, og bókunar við hann um umhverfismat áætlana. Skoða þarf nánar hvort rétt sé að fullgilda slíka samninga og hvaða breytingar það hefur í för með sér. Þá skal einnig nefna Rotterdamsamninginn, um fyrirfram samþykki með hættuleg efni og plágueyða

Samningahópurinn hefur yfirfarið þá alþjóðasamninga sem ESB eða aðildarríki ESB eru aðilar að en ekki Ísland og þá samninga sem Ísland er aðili að við erlend ríki og lagt mat á hvort Ísland ætti að gerast aðili að þeim.

VII. ESB stofnanir og sjóðir sem eiga undir kaflann.

Þessar stofnanir eru:

- Umhverfisstofnun Evrópu, European Environment Agency, er ein af fagstofnunum ESB. Stofnunin tók til starfa í Kaupmannahöfn árið 1992 en Ísland hefur verið aðildarríki frá 1993. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint svo í stuttu máli: "To provide sound and independent information on the environment and be the major information source for those involved in developing, implementing and evaluating environmental policy and the public". Stofnunin hefur meginhlutverk við mótun, þróun og endurmat á allri umhverfislöggjöf ESB. Tengsl aðildarríkjana er að forminu til mest í gegnum tvo aðila:

¹ Convention on the protection of the Alps (Alpine Convention)

² Convention on the protection of the Mediterranean Sea against pollution (Barcelona Convention)

³ The UNECE Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-making and Access to Justice in Environmental Matters (Aarhus Convention)

⁴ Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context (Espoo Convention)

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Member of the management board og National focal point. Í báðum tilfellum er einn fulltrúi frá hverju landi m.a. Íslandi.

- Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA), European Maritime Safety Agency - <http://www.emsa.europa.eu/>. Siglingastofnun er lögbært yfirvald en Umhverfisstofnun fer með þau málefni er varðar mengunarvarnir og þar undir falla gerðir eins og tilskipun 2000/59/EB um móttöku á úrgangi frá skipum. Þátttaka Íslands í EMSA er í gegnum t.d Fastanefnd (CTG) og Clean Sea Net. Einnig hefur Ísland tekið þátt í ýmsum námskeiðum, samráðsfundum og verið aðili að samskiptaneti og upplýsingagjöf á vegum EMSA. Aðildarríki greiða árgjald til stofnunarinnar sem er nýtt í að setja upp samstarfsverkefni og til endurgreiðslu ferðakostnaðar fulltrúa. Við inngöngu í ESB fengi Ísland atkvæðisrétt og búast má við aukinni mannaflapörf vegna starfa Íslands sem tengist EMSA.
- Efnastofnun Evrópu (EHCA) European Chemicals Agency, http://echa.europa.eu/home_en.asp. Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald og undir EHCA falla gerðir eins REACH, Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH) Efnastofnun Evrópu tók til starfa í Helsinki árið 2007 og Ísland hefur átt aðild að stofnuninni frá 2008. Stofnunin hefur það hlutverk að stýra og í sumum tilfellum að annast tæknilega, vísindalega og stjórnsýslulega framvæmd REACH. Stofnunin samanstendur af stjórn, forstjóra, áhættumatsnefnd, félagslegri og efnahagslegri rannsóknarnefnd, aðildarríkjanefnd, samráðsnefnd um framkvæmd (Forum), skrifstofu sem heyrir undir forstjóra og áfrýjunarnefnd. Efnastofnunin veitir aðildarríkjum og stofnunum bestu fáanlega sérfræðiaðstoð vegna spurninga sem vakna varðandi þau efni sem falla undir REACH. Skrifstofan sjálf sér um verkefni sem tengjast m.a. II, III, VI og VIII hluta REACH ásamt því að sjá um gagnagrunna, upplýsingar til almennings, sérfræðiaðstoð vegna öryggismats, skráningar og sérfræðiaðstoð fyrir aðildarríki vegna framkvæmdar og þjónustuborða, ásamt fleiri verkefnum. Stjórnin samanstendur af einum fulltrúa frá hverju aðildarríki sem og fulltrúum frá framkvæmdastjórn ESB. Þátttaka Íslands er í gegnum Forum, aðildarríkjanefnd, Help-Net, SON (Security Officers Network) og stjórn ECHA. Aðildarríki greiða árgjald til stofnunarinnar sem er m.a. nýtt í að setja upp samstarfsverkefni og til endurgreiðslu ferðakostnaðar fulltrúa. Við inngöngu í ESB fengi Ísland atkvæðisrétt og búast má við aukinni mannaflapörf vegna starfa Íslands sem tengist ECHA.

VIII. Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur

Í meirihlutaálitni utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að ESB segir að samstaða hafi verið í nefndinni um meginmarkmið í samningaviðræðum við ESB varðandi sjávarútveginn og lúti þau að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi.

Enn fremur segir m.a. eftirfarandi í meirihlutaálitinu:

„Þá þarf í samningsferlinu að hafa í huga sérstöðu Íslands hvað varðar nýtingu nokkurra dýrategunda. Þar nægir að nefna að sjávarspendýr (hvalir og selir) og nokkrar fuglategundir, svo sem lundi, eru friðaðar samkvæmt Bernarsáttmálanum. Sáttmálinn kveður á um bann við því að

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

veiða þessar dýrategundir sem löng hefð er fyrir að nýta hér á landi. Meiri hlutinn áréttar að Ísland hefur gert ýmsa fyrirvara við sáttmálann og telur hann ekkert því til fyrirstöðu að halda slíkum fyrirvörum. Þá bendir meiri hlutinn á að mörg aðildarríki ESB hafa fyrirvara við sáttmálann. Meiri hlutinn leggur áherslu á að við mótun samningsmarkmiða á þessu sviði verði sérstaklega metið hvernig halda megi opnum möguleikum að halda veiðum áfram, með vísan til aldalangrar hefðar. Meiri hlutinn telur mikilvægt að samningamenn gæti sérstaklega að þessum þáttum og stefnt verði að því að forræði þessara mála verði sem mest í höndum íslenskra stjórnvalda.“

- *Mikilvægustu hagsmunir*

Vísað er til II. hluta greinargerðarinnar um mikilvægar gerðir og mat á hagsmunum vegna þeirra.

- *Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum.*

- *Hugsanlegar sérlausnir fyrir Ísland.*

Að því er sérlausnir varðar er rétt að hafa í huga framangreint meirihlutaálit utanríkismálanefndar Alþingis.

- *Annað*

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.